

- 13 Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um
12. jan. hafnargerðir og landingarbætur, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftir-
breytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 12. janúar 1950.

Jóhann P. Jósefsson.

Páll Pálmason.

- 14 Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Krístrúnar Hallgríms-
25. jan. dóttur og annarra látinna félagskvenna kvenfélagsins Dagsbrúnar“, útgefin á venju-
legan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 25. janúar 1950.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Krístrúnar Hallgrímsdóttur og annarra látinna félagskvenna
kvenfélagsins Dagsbrúnar.

1. gr.

Sjóðurinn ber nafnið: Minningarsjóður Krístrúnar Hallgrímsdóttur og annarra
látinna félagskvenna kvenfélagsins Dagsbrúnar.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er 1500 — fimmtán hundruð — krónur og skal geymt í inn-
lánsdeild Kaupfélags Héraðsbúa á Reyðarfirði.

3. gr.

Sjóðnum skal varið til styrktar fátækum húsmæðrum í Fellahreppi, t. d. í sjúk-
dómstílfellum, eða til að bæta hag þeirra á annan hátt.

4. gr.

Sjóðurinn skal ávaxtast þar til hann er minnst 5000 — fimm þúsund — krónur.

5. gr.

Sjóðnum skal afla tekna með útgáfu minningarspjalda og sölu þeirra.

6. gr.

Mönnum skal heimilt að gefa í sjóðinn minningargjafir á nöfn allra látinna
kvenna í Fellahreppi, svo og aðrar gjafir.

7. gr.

Hreppsnefnd Fellahrepps annast stjórn sjóðsins og reikningshald undir yfirum-
sjón sýslunefndar Norður-Múlasýslu.

Hreppsnefndin kýs þrjár konur innan hreppsins til að úthluta úr sjóðnum
hverju sinni samkvæmt 3. gr. að framan.

Fyrir hönd kvenfélagsins Dagsbrúnar.

Dórey Brynjólfsdóttir.

Bjarnheiður Magnúsdóttir.

Birna Ólafsdóttir.